

Hraðfrystihúsið- Gunnvör í Hnífsdal sækir um leyfi til aukins fiskeldis í Ísafjarðardjúpi. Þeir vilja eiga möguleika á eldi á laxi og silungi. Þekking starfsmanna og aðstaða nýtist við eldi á fleiri tegundum.

HG hefur leyfi til framleiðslu á 2000 tonnum af þorski í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi. Kvíarnar eru í Álftafirði og Seyðisfirði en einnig er ein tilraunakví í Skötufirði. Seiðaeldisstöð HG er á Nauteyri og önnur aðstaða s.s. fóðurgeymsla og sláturhús eru á Súðavík. HG hefur sent Skipulagsstofnun umsókn um stækkun eldisleyfisins. Þar er miðað við 7000 tonn af fiski, lax, regnbogaskilung og þorsk. Fylgst er vel með stórhuga uppbyggingu fiskeldis á suðurfjörðum Vestfjarða og hefur HG flutt seiði fyrir eldisfyrirtækin Fjarðalax og Dýrfisk. Eldi á Vestfjörðum er að styrkjast með fleiri aðilum í greininni.

HG hefur byggt upp fiskeldi í tæpan áratug, einkum þorskeldi. Eldið er tvíþætt, annarsvegar eldi á seiðum í sláturstærð og hinsvegar áframeldi á villtum smáþorski. Slátrað var rúmum 700 tonnum á síðasta ári á Súðavík. Um 100 tonn komu úr slátrun í haust og reiknað er með að slátra 15-20 tonnum á dag fram yfir áramót. Reiknað er með að framleiðslan verði 400-500 tonn.